

Nd.

590. Nefndarátt

um athugasemdir og tillögur yfirskoðunarmanna Alþingis við landsreikningana fyrir árin 1910 og 1911.

Reikningurinn 1910.

Tekjubálkurinn.

18. Áfengistollur o. fl. (ath. 18).

Yfirskoðunarmenn hafa fundið að því, að í Jarðabókarsjóðsreikningnum sje öllu aðflutningsgjaldi slengt saman, en ekki sundurliðað eins og í fjárlögum og LR. Stjórnarráðið hefir haldið fram, að landsfjehirðir verði látinn semja sjerstaka sundurliðaða skrá yfir aðflutningsgjaldið, er verði látin fylgja reikningunum til yfirskoðunarmanna, en þó slik skrá yrði samin, þá telur nefndin hana ekki eins heppilega og að aðflutningsgjaldið sje sundurliðað í bókunum, enda virðist nefndinni það sjálfsagt, að hver sjerstök tekjugrein sje færð sjer.

Yfirskoðunarmenn hafa ennfremur athugað að röð hjeraðanna sje önnur í JR en LR, og felst stjórnin á það í svári sínu, að það sje hentugra, að sama hjeraðaröð sje á báðum reikningunum. Nefndin felst á þetta, en vill jafnframt vekja athygli á, að viðkunnanlegast er, að sama hjeraðaröð sje á öllum opinberum skýrslum (Landshagsskýrslum, LR o. s. frv.).

Yfirskoðunarmenn hafa óskað þess með skírskotun til samþykta Alþingis á tillögum yfirskoðunarmanna við LR '08—'09, 5. lið, að landsstjórnin láti þess getið í ath. við LR, þegar tollur er endurgoldinn, sem og hve mikill og hvers vegna. — Nefndin aðhyllist þessa tillögu yfirskoðunarmanna, og leggur til, að henni verði fullnægt framvegis.

18 b. Sektir fyrir ólöglegar fiskiveiðar (ath. 43, 44).

Yfirskoðunarmenn hafa getið þess, að ávísunarkostnaðurinn virðist eiga að lenda á hinum seku, en ekki á landssjóði. Enda þótt nefndin geti fallist á, að þetta álit yfirskoðunarmanna muni vera rjett, er þó að athuga, að það þykir töluverðum vandkvæðum bundið fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra að fá upplýsingar, um hve miklu þessi kostnaður muni nema í hverju einstöku tilfalli.

Af þessum ástæðum þykir nefndinni ekki fært að leggja til breytinga á þessu atriði.

3. gr. 1. Tekjur af fasteignum landssjóðs (ath. 46—53).

Reikningar frá sumum umboðunum eru all-ógreinilega færðir, og um einn þeirra segir landsstjórnin, að hann sje »eiginlega fremur skilagrein en reikningur« (sbr. LR '10, bls. 113), enda er þar mikil ósamræmi á milli reikningsins og LR (sbr. 48. ath. '11, svar við hana og tillögur til úrskurðar um hana). — Nefndin litur svo á, að þessir gallar umboðsreikninganna stafi mjög mikið af því, að nýja umboðsmenn, sem óvanir eru að gefa reikningana, vantar með öllu fyrirmynd fyrir þeim eða eyðublað undir þá. Nefndin vill því leggja til, að stjórnin láti semja slík reikningseyðublað til afnota fyrir umboðsmenn.

3. gr. 2. Tekjur af kirkjum (ath. 54).

Í ath. 54 við LR '11 finna yfirskoðunarmenn að því, að reikningurinn fyrir Reykjavíkurdómkirkju fyrir árið 1910 var ókominn, er LR var saminn, 15. des. 1911, og í ath. 35 við LR '11 er fundið að hinu sama.

Enda þótt nefndin hafi orðið þess vis, að það sje miklum erfiðleikum bundið, að innheimta gjöld þau er hjer um ræðir, þá þykir nefndinni þó dráttur hafa orðið um of á reikningsskilunum, og leggur því til, að lagt sje fyrir reikningshaldara að bæta úr þessu.

3. gr. 3. Tekjur af silfurbergi (ath. 55, 1).

Yfirskoðunarmenn hafa fundið að því, að skilagrein dags. 7. des. 1910 um silfurberg úr Helgustaðafjalli »sje alveg óhafandi skilagrein«, og stjórnin segir í svari sínu, að hún hafi ekki fengið aðra skilagrein, enda hafi leyfishafar ekki enn fengið aðalkvittun, og eigi ógreiddar 86 kr. 25 aura. — Næsta ár, 1911, hafa engar tekjur orðið af silfurbergi, vegna þess að peningarnir komu ekki frá Frakklandi fyr en árið 1912, segir í svari stjórnarinnar (svar 36, LR '11).

Af þessu er ljóst, að leyfishafarnir 1910 hafa þá ekki gefið fulla skýrslu um silfurbergið, og leggur nefndin því til, að landsstjórninni sje falið að fá fullnaðarskýrslu samhliða því, er hún gefur aðalkvittun.

Reikningurinn 1911.

Tekjubálkurinn.

1. Ábúðar- og lausafjárskattur o. fl. (ath. 1 o. fl.).

Yfirskoðunarmenn hafa lagt til, að landsstjórnin gangi ríkt eftir því, að reikningshaldarar fari nákvæmlega eftir fyrirmælum reglugerðar 12. febr. 1873.

Þessu er nefndin fyllilega samþykkt, og þar eð greiðsludráttur sá og vanskil, er átt hafa sjer stað hjá einum innheimtumanni, hafa ekki bakað landsjóðnum tjón, sjer nefndin ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta atriði.

16. Símatekjur (ath. 21).

Nefndinni þykir rjett að geta þess, að hún sje sammála yfirskoðunarmönnum um það, að landssímastjóra beri sem öðrum innheimtumönnum landsjóðs að greiða símatekjurnar ársfjórðungslega.

Gjaldabálkurinn.

13. gr. Vitarnir (ath. 77).

Yfirskoðunarmenn vilja skjóta því til úrskurðar Alþingis, hvort vitamsjónarmanni sje heimilt að reikna sjer fæðispeninga á ferðinni auk ferðakostnaðar.

Að visu telur nefndin ekki sanngjarnt að hann beri þennan kostnað, en telur hinsvegar nægilegt, að hann fái 4 kr. á dag í fæðispeninga á ferðum sínum, hvort heldur hann ferðast á sjó eða landi.

21. Fjárgreiðslur eflir fjárukalögum 1910—11 (ath. 110).

Upphæð sú, er ræðir um í þessari athugasemd, er að visu ekki há, en nefndinni þykir þó rjett að taka það fram, að hún álitur að landsstjórnin eigi ekki að greiða fje úr landssjóði, þar sem engin fjárveiting liggur fyrir, nema að brýna nauðsyn beri til.

Að því er snertir ágreining milli endurskoðenda og stjórnarinnar um það, hvort aukafjárveitingar beri að leita fyrir upphæðum eða ekki, leyfir nefndin sjer að skirskota til nefndarálitsins um frumvarpið til fjárukalaga fyrir 1910 og 1911.

Alþingi, 26. ágúst 1913.

Stefán Stefánsson Eyf.,
formaður.

G. Eggerz,
skrifari og framsögumaður.

M. J. Kristjánsson.